

Fundargerð 87. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 20. febrúar 2014, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,

Árni Sigfússon,

Friðjón Einarsson,

Sigrún Árnadóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. *Háskólavellir*

Umræða fór fram um lóðir og samning milli Reykjanesbæjar, Háskólavalla og Kadeco vegna uppgjors í tengslum við fasteignagjöld. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni var falið að vinna málið áfram og ganga frá því með fyrirvara um endanlegt samþykki stjórnar.

3. *Gagnavarslan*

Lagt var fram erindi Gagnavörslunnar, sent þann 10. febrúar 2014. Stjórn samþykkti að skilmálabreyta láni til Gagnavörslunnar þannig að lánið beri 4,2% vexti frá ársbyrjun 2013. Skilmálabreytingin er gerð með því skilyrði að gjaldfallin fasteignagjöld verði greidd miðað við ofangreinda vexti. Jafnframt samþykkti stjórn að lengja lánstímann til 31. desember 2018.

4. *Önnur mál*

Engin önnur mál voru rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið.